

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202. mál.

Þann 27. febrúar síðastliðinn óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Frumvarp um sama efni (431. mál) var lagt fram á 146. löggjafarþingi en var ekki afgreitt. FA skilaði umsögn til velferðarnefndar um það frumvarp.¹

Frumvarpið er liður í innleiðingu á tilskipun Evrópubgingsins og ráðsins 2014/40/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Nánar tiltekið er 20 gr. tilskipunarinnar innleidd með frumvarpinu en ákvæðið fjallar um rafrettur (e. electronic cigarettes).

FA telur jákvætt að sett séu lög um rafrettur enda nauðsynlegt fyrir markaðinn og neytendur að skýrar reglur séu á því sviði, m.t.t. öryggis, gæða og upplýsinga fyrir neytandann. Þá fagnar FA því að frumvarp þetta sé nú lagt fram sem sérlög en ekki sem frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Að mati FA er það eðlilegri útfærsla enda er viðfangsefni tóbaksvarnarlöganna tóbak og er markmið laganna að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Tóbak er ekki að finna í rafrettum og hefði því vissulega skotið skökku við að fella þær undir tóbaksvarnarlög. FA hefur hins vegar þónokkrar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggar fyrir og eru þær eftirfarandi.

I. Almennt

Þrátt fyrir að frumvarpið sé nú sett fram sem sérlög eru ákvæði þess að meginstefnu til þau sömu og finna mátti í eldra frumvarpi. Þannig er lagt til að sömu reglur gildi um sölu og markaðssetningu á rafrettum og áfyllingarílátum og gilda um tóbak samkvæmt tóbaksvarnarlögum. Sömu reglur gildi þannig um aldurstakmark, auglýsingabann, sýnileikabann og takmarkanir á heimildum til neyslu. Rafrettur eru þannig í raun lagðar að jöfnu við sigarettur.

Mjög skiptar skoðanir eru um rafsígarettur og skaðsemi eða skaðleysi þeirra, m.a. innan læknasamfélagsins. Þeir læknar sem gjalda varhug við rafsígarettum benda m.a. á að þær hafi lítið verið rannsakaðar og þær séu ekki betri en aðrir nikótíngjafar við reykleysismeðferð. Þá eru uppi áhyggjur af að þeir sem byrji að nota rafsígarettur geti síðar

¹ Umsögn FA dags. 10. maí 2017: <http://www.atvinnurekendur.is/media/Umsögn-FA-Rafsígarettur-431-ma%CC%81.pdf>

ánetjast sígarettum.² Rafrettureykur sé ertandi fyrir lungun og hafi neikvæð áhrif á öndunarstarfsemi.³

Aðrir, t.d. Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir, fagna tilkomu rafrettunnar enda sé hún öflugt hjálpartæki fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Neysla nikótíns með rafrettu sé nánast skaðlaus en neysla nikótíns í sígarettum dragi annan hvern notanda til dauða.⁴ Þá kemur fram í nýlegri rannsókn Breska krabbameinsfélagsins að rafrettur séu mun öruggari en reykingar tóbaks og engin gögn sýni fram á að rafretturnar hafi skaðleg áhrif á þriðja mann. Rafretturnar innihaldi nikótín sem vissulega sé ávanabindandi en þær innihaldi ekki tóbak sem sé það sem valdi krabbameini.⁵ Þá hafa heilbrigðisyfirvöld í Bretlandi nýlega beint því til sjúkrastofnana að hefja sölu á rafrettum og leyfa sjúklingum að nota þær innandyra og jafnvel í rúmum sínum. Þá eigi að hvetja þá sem eiga erfitt með að hætta að reykja, þar með talið þungaðar konur, að byrja að nota rafrettur í staðinn. Sjúkrahús eru jafnframt hvött til þess að gefa rafrettur samkvæmt lyfseðli til þess að hvetja til aukinnar notkunar rafretta.⁶

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til aðfararorða tilskipunarinnar en þar sé „sérstaklega tekið fram að rafsígarettur geti rutt brautina til nikótínfíknar og að lokum til hefðbundinnar tóbaksneyslu því að með þeim sé líkt eftir reykingum og þær gerðar eðlilegar.“ Er þá tekið fram að litið hafi verið til þessa sjónarmiðs við gerð frumvarpsins en einnig þess að tryggja aðgang fullorðinna einstaklinga sem vilja nýta sér rafrettur til að hætta eða minnka tóbaksneyslu sína. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi séu lögð til ákvæði um aldurstakmark, auglýsingabann og takmarkanir á heimildum til neyslu og sýnileika. Rétt er að þessa umfjöllun er að finna í 43. lið aðfararorðanna en þar kemur jafnframt fram að vegna þessa sé eðlilegt að takmarka auglýsingar á rafsígarettum og áfyllingarílátum.⁷ Í tilskipuninni eða aðfararorðum hennar er hvergi vikið að nauðsyn þess að takmarka aðgengi og heimildir til neyslu líkt og mælt er fyrir um í frumvarpinu. Afar hæpið er því að nota hin tilvitnuð orð tilskipunarinnar til að rökstyðja allar þær takmarkanir sem í frumvarpinu felast.

Að mati FA verður afstaða Alþingis að byggja á haldbærum rökum þar sem vísindaleg gögn um rafrettur og áhrif þeirra eru lögð til grundvallar. Lýðheilsurök eru fyrir því að notkun rafrettna afstýri heilsutjóni, með því að reykingamenn hætti að reykja og færi sig yfir í notkun þeirra í staðinn. Jafnframt eru rök fyrir því að það kunni hafa neikvæð áhrif á lýðheilsu að ungt fólk sem byrjar að fikta við rafrettur leiðist síðar út í tóbaksreykingar. Ekkert hefur komið fram um það hvernig þessi rök voru vegin saman áður en ráðuneytið

² Rafrettur – úlfur í sauðargærð? Grein á vef Krabbameinsfélagsins 19. feb. 2016. <https://www.krabb.is/starfsemi/frettir-og-tilkynningar/rafrettur-ulfur-i-saudargaeru>

³ Rafrettur – skaðlausar eða ekki? Grein á visir.is 19. desember 2015. <http://www.visir.is/rafrettur--skadlausar-ed-a-ekki-article/2015151218599>

⁴ Rafrettur: hræðslublaðran sprengd. Grein á visir.is 21. apríl 2016. <http://www.visir.is/rafrettur--hraedslubladran-sprengd/article/2016160429868> og Rafrettur: 95% skaðlausari en reykingar. Grein á visir.is 30. desember 2015. <http://www.visir.is/rafrettur--95-prosent-skadlausari-en-reykingar/article/2015151239996>

⁵ E-cigarettes safer than smoking says long-term study. <http://www.cancerresearchuk.org/about-us/cancer-news/press-release/2017-02-06-e-cigarettes-safer-than-smoking-says-long-term-study>. Frétt Reuters um rannsóknina: <http://www.reuters.com/article/us-health-ecigarettes-toxins-idUSKBN15L2J7>

⁶ Leyfi notkun á rafrettum á sjúkrahúsum. Frétt á mbl.is 6. feb. 2018.

https://www.mbl.is/frettir/erlent/2018/02/06/leyfi_notkun_rafrettum_a_sjukrahusum/

⁷ 4. málsl. 43. liðar aðfararorða tilskipunarinnar: *Electronic cigarettes can develop into a gateway to nicotine addiction and ultimately traditional tobacco consumption, as they mimic and normalize the action of smoking. For this reason, it is appropriate to adopt a restrictive approach to advertising electronic cigarettes and refill containers.*

komst að þeirri niðurstöðu sem fram kemur í frumvarpinu. Þannig er ekkert fjallað um það hvernig nýlegar rannsóknir þar sem fram kemur að notkun rafretta meðal ungmenna leiði ekki til notkunar á sígarettum sem og að hlutfall ungmenna sem nota rafrettur að staðaldri en hafa aldrei reykt er mjög lágt eða um 0,1-0,5% voru metnar í þessu tilliti.⁸

II. Sömu reglur um nikótínrafrettur og nikótínlausar rafrettur

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins gilda lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur hvort sem þær innihalda nikótín eða ekki. Þannig gilda sömu reglur um rafrettu sem neytandinn fær úr nikótín og um rafrettu sem inniheldur einungis gufu og bragðefni. Frumvarpið gengur að þessu leyti lengra en fyrra frumvarp auk þess að ganga lengra en 20. gr. Evróputilskipunarinnar sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Þessi breyting er hvergi rökstudd í greinargerð með frumvarpinu.

Skilgreining tilskipunarinnar á rafrettu er svohljóðandi:

Electronic cigarette means a product that can be used for consumption of nicotine-containing vapour via a mouth piece, or any component of that product, including a cartridge, a tank and the device without cartridge or tank. Electronic cigarettes can be disposable or refillable by means of a refill container and a tank, or rechargeable with single use cartridges;.

Sömu skilgreiningu var að finna í fyrra frumvarpi sem lagt var fyrir þingið á síðasta löggjafarþingi:

Með rafsigarettum er í lögum þessum átt við vörur sem hægt er að nota til neyslu á gufu, sem inniheldur nikótín, með munnstykki, eða einhvern hluta þeirrar vöru, þ.m.t. hylki, tank og búnaðinn án hylkis eða tanks. Rafsigarettur geta verið einnota eða fjölnota með áfyllingaríláti og tanki eða endurhlaðanlegar með einnota hylkjum.

Hin nýja skilgreining fyrirliggjandi frumvarps er hins vegar á aðra leið en hana er að finna í 3. tölul. 3. gr. Þar segir:

Rafretta: Vara sem hægt er að nota til neyslu á gufu, hvort sem hún inniheldur nikótín eða ekki, með munnstykki, þ.m.t. hylki, tankur og búnaður án hylkis og tanks, eða einhver hluti þeirrar vöru.

Enga skýringu er að finna á því í greinargerð með frumvarpinu af hverju ákveðið er að víkja frá skilgreiningu fyrra frumvarps og tilskipunarinnar. Það er ámælisvert enda er hin nýja skilgreining mun víðfeðmari og tekur þannig til töluvert fleiri vara sem þar með sæta þeim takmörkunum sem frumvarpið leggur til að um þær gildi. Vandséð er af hverju takmarka á notkun nikótínlausra rafrettina með sama hætti og notkun rafrettina með ávanabindandi efninu nikótíni. Það er fortakslaus krafa af hálfu FA að stjórnvöld rökstyðji íþyngjandi kröfur sem settar eru á atvinnulífið með fullnægjandi hætti; af hverju þær eru nauðsynlegar, hverju að ná fram með þeim og af hverju þörf er á því að ganga lengra en tilskipunin mælir fyrir um.

⁸ Young People's Use of E-Cigarettes across the United Kingdom: Findings from Five Surveys 2015-2017. Rannsókn birt í International Journal of Environmental Research and Public Health: <http://www.mdpi.com/1660-4601/14/9/973/htm>

Þessi óvænta og óútskýrða útvíkkun frá gildissviði tilskipunarinnar leiðir af sér margvíslega vankanta þegar kemur að útfærslu annarra ákvæða frumvarpsins. Þeir verða taldir upp hér að neðan:

a) Hámarksstyrkleiki og stærð

Í 7. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hámarksstyrkleika og stærð. Þar kemur fram að einungis sé heimilt að selja einnota rafrettur, hylki eða áfyllingar sem innihalda að hámarki 20mg/ml af nikótínvökva. Þá sé ekki heimilt að selja áfyllingar fyrir rafrettur sem rúma meira en 10 ml af vökva auk þess sem óheimilt sé að selja rafrettur með áfyllanlegum tanki, einnota rafrettur eða hylki í rafrettur sem rúma meira en 2 ml af vökva.

Í athugasemendum greinargerðar við 7. gr. frumvarpsins er tekið fram að ákvæðið sé að öllu leyti í samræmi við ákvæði tilskipunar 2014/40/ESB og muni því sömu reglur gilda í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta er rangt. Ákvæði tilskipunarinnar sem mæla fyrir um hámarksstærðir eiga aðeins við um nikótínvökva.⁹ Verði frumvarpið að lögum að óbreyttu munu hámarksstærðir hér á landi hins vegar taka hvort tveggja til nikótínvökva og nikótínlauß vökva og ganga þar með mun lengra en ákvæði tilskipunarinnar. Í dag er nikótínlauß vöksi framleiddur í mun stærri einingum, enda hvergi settar hömlur á stærðir eininga nikótínlauß vökva í tilskipuninni, t.d. 60 ml. og 100 ml. flöskum og settur þannig á markað innan Evrópu. Það liggur í augum uppi að strangari reglur hér á landi en annars staðar skapa verulegt óhagræði fyrir söluaðila rafrettna og neytendur. Þá má jafnframt benda á umhverfisleg áhrif þessa, en vökvinn er alla jafna í plastflöskum. Þannig myndu 10 stykki af 10 ml plastflöskum falla til í stað einnar 100 ml flösku.

b) Viðvaranir á umbúðum

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins má því aðeins hafa rafrettur og áfyllingar til sölu eða dreifingar ef skráðar eru viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu. Í greinargerð með ákvæðinu er vísað til þess að það sé í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Rétt er að í b-lið 4. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að umbúðir rafrettna og áfyllinga skuli merkja með viðvörun, e. *health warning*, og er gefið val um tvenns konar viðvaranir. *This product contains nicotine which is a highly addictive substance. It is not recommended for use by non-smokers* eða *This product contains nicotine which is a highly addictive substance*.

Eins og áður hefur komið fram miðar tilskipunin við þá skilgreiningu á rafrettu að gufa hennar innihaldi nikótín. Ákvæði tilskipunarinnar um reglur varðandi rafrettur taka mið af því, m.a. ákvæðið um merkingar.

Þar sem fyrilliggjandi frumvarp gengur lengra en tilskipunin er með öllu óljóst hvers konar viðvörun skal skrá á umbúðir nikótínlauzu rafrettunnar.

⁹ Sjá a-lið 3. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar: *Member States shall ensure that: a) nicotine-containing liquid is only placed on the market in dedicated refill containers not exceeding a volume of 10 ml, in disposable electronic cigarettes or in a single use cartridges and that the cartridges or tanks do not exceed a volume of 2 ml.*

III. Öryggi

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að rafrettur og áfyllingar skuli vera barnheldar og að tryggt skuli að þær leki ekki og að í þeim sé búnaður sem tryggir áfyllingu án leka. Öryggi þessara vara fyrir neytandann er að sjálfsögðu mikilvægt. Hins vegar er erfitt að sjá að hægt sé að tryggja að fullu að aldrei komi upp tilvik þar sem varan lekur, enda er varan í raun tankur sem inniheldur vökva og er opin í báða enda svo loft komist í gegnum hitarann. Í athugasemendum greinargerðarinnar við ákvæði 5. gr. er vísað til Evróputilskipunarinnar. Vissulega er vikið að þessu í tilskipuninni, nánar tiltekið í g-lið 3. mgr. 20. gr. hennar en þar segir orðrétt:

Member States shall ensure that: electronic cigarettes and refill containers are child- and tamperproof, are protected against breakage and leakage and have a mechanism that ensures refilling without leakage.

Ákvæði þetta mælir fyrir nauðsyn þess að til staðar sé lekavörn. Ekki er minnst á að að tryggja verði að varan leki aldrei. Hér virðist því gengið lengra en nauðsyn ber til samkvæmt tilskipuninni þó einnig gætu þetta verið mistök í þýðingu.

IV. Sýnileikabann og takmörkun á notkun

Verði frumvarpið að lögum verður notkun rafrettina óheimil á ákveðnum stöðum auk þess sem óheimilt verður að hafa rafrettur og áfyllingar sýnilegar i hillum og rekkum almennra verslana.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. skal rafrettum og áfyllingum komið þannig fyrir á sölustöðum að varan sé ekki sýnileg viðskiptavinum. Sérverslunum með rafrettur og áfyllingar fyrir þær er þó heimilt að hafa vöruna sýnilega þegar inn í verslun er komið. Rétt er að geta þess að sýnileikabannið er séríslensk regla og kemur ekki til vegna innleiðingar á tilskipuninni. Í athugasemendum frumvarpsins við 10. gr. kemur fram að sýnileikabann sem liður í tóbaksvörnum byggist á þeim sjónarmiðum að sýnileiki geti stuðlað að neyslu og það eigi einnig við um neyslu nikótíns með rafrettum og því mikilvægt að koma í veg fyrir að einstaklingar, einkum ungt fólk, hefji notkun rafrettina í öðrum tilgangi en sem aðstoð við að hætta tóbaksreykingum.

Erfitt er að sjá hvernig neytandi á að fá vitnesku um og frekari upplýsingar um rafrettur þegar bæði auglýsinga- og sýnileikabann gilda um vöruna. Hægt er að taka undir það að gæta beri að því að varan sé aðallega notuð í þeim tilgangi að hætta að reykja. Hins vegar verður reykingafólk að geta fengið upplýsingar um vöruna svo það a.m.k. íhugi að skipta yfir í skaðlausari vöru en sígarettuna. Aukin neysla rafrettina hlýtur að teljast jákvæð ef hún orsakast af minni neyslu sígarettina. Undanfarin ár hafa ýmsar skaðaminnkandi tóbaks- og nikótínvörur, sem stuðlað geta að því að draga úr reykingum, komið á markað. Eigi að vera hægt að útskýra fyrir neytendum hvernig þær virka, hvers vegna þær fela í sér minni skaða og hvernig á að nota þær, krefst það þess að hægt sé að sýna og fjalla um vöruna. Allir vita hins vegar hvernig á að nota sígarettu. Sú takmörkun á aðgengi og upplýsingum um rafsígarettur sem frumvarpið felur í sér styður þess vegna við sterka stöðu sígarettunnar á markaði; vörunnar sem óumdeilt er sú skaðlegasta í hópi tóbaks og tengdra vara.

Þá má velta því upp hvaða rök standi til þess að banna sýnileika rafrettna og áfyllingaríláta í verslunum þegar t.d. nikótíntyggjó, sem gegnir sama hlutverki, þ.e. að aðstoða fólk við að hætta að reykja, er sýnilegt viðskiptavinum – og raunar auglýst mikið í fjölmöldum. Hér líkt og í öðrum málum verður að gæta jafnræðis og meðalhófs.¹⁰

Ein undantekning er gerð frá sýnileikabanninu en samkvæmt ákvæðinu er sérverslunum heimilt að hafa vöruna sýnilega þegar inn í verslun er komið. Töluluverð takmörkun er hins vegar á undantekningunni þar sem varan má þá væntanlega ekki vera sýnileg utan frá, t.d. í glugga verslunar. Hér vaknar spurning um framkvæmd þessa ákvæðis en engar nánari skýringar þar um er að finna í greinargerð frumvarpsins. Ber verslunum að byrgja glugga sína? Þegar staðið er við búðarglugga má gjarnan sjá vörur í hillum og eru þær þannig sýnilegar áður en inn í verslunina er komið. Hér verður að gæta meðalhófs og gæta að því að ekki sé gengið lengra en þörf er á til að nái því markmiði sem að er stefnt.

Bann við tiltekinni háttsemi er viðurhlutamikið inngríp í athafnafrelsi manna sem verður að byggja á fullnægjandi gögnum. Varla er ástæða til að banna notkun rafrettna í tilteknum rýmum nema sýnt sé fram á að hún valdi fólk í rýminu sambærilegum skaða og tóbaksreykingar. Verði frumvarpið að lögum verður gufurum væntanlega skyldt að gufa (vape-a) í sömu afmörkuðu rýmunum og reykingafólk, t.d. á flugvöllum, en það verður að teljast mótsagnakennt að fólk sem gufar til að hætta að reykja verði að gera slíkt innan um sígarettureyk.

Langeðlilegast er að vinnustöðum, fyrirtækjum og stofnunum, sé í sjálfsvald sett hvaða reglur þeir setja um notkun rafrettna.

V. Fordæmi

Í greinargerð frumvarpsins er almennt gengið óhóflega langt í þá átt að takmarka notkun og eðlileg viðskipti með eina tegund vöru, án þess að þar liggi að baki haldbærar rannsóknir sem sýna fram á skaðsemi hennar. Þetta skapar að mati FA varasamt fordæmi.

Sýnileikabannið er þannig meðal annars rökstutt með því að það sé liður í því að „tryggja að einstaklingar sem varan er ekki ætluð fyrir eigi erfiðara með að nálgast hana.“ Nú er það svo að vörur, sem eru hættulegar þeim sem ekki kunna með þær að fara eða óhollar ef þær eru notaðar í óhófi, eru í hillum flestra verslana, án þess að það hafi verið rökstutt að ríkið eigi að setja reglur sem banni þeim að sjást.

Sýnileikabannið er jafnframt rökstutt með því að „sýnileiki varanna geti ýtt undir aukna neyslu og þar með trú á að þar sem varan sé flokkuð sem hver önnur nauðsynjavara hljóti hún að vera örugg.“ Um þetta á hið sama við; hér er gengið of langt í því að hafa vit fyrir neytendum.

¹⁰ Vísast í því efni til dóms Hæstaréttar í máli nr. 220/2005 en í niðurstöðu dómsins sagði m.a.: „Við úrlausn um það hvort meðalhófs hafi verið gætt með setningu 6. mgr. 7. gr. laga nr. 6/2002 verður að meta hvort það hafi verið virt við beitingu úrræða miðað við þá hagsmuni, sem í húfi voru, og hvort beitt hafi verið vægasta úrræðinu, sem að gagni kæmi. Þótt fallist sé á að viss hvatning til að kaupa tóbak geti falist í því að stilla vörunni upp á sölustað, hefur ekki verið sýnt fram á nauðsyn þess að ganga svo langt, sem gert var, með því að leggja að jöfnu alla sölustaði tóbaksvöru að þessu leyti.“ Með hliðsjón af þessum orðum dómsins telur FA nauðsynlegt að skoðuð séu öll sjónarmið sem að baki tillögu um sýnileikabann rafretta og áfyllingarvökva liggja og þá hvort annað vægara úrræði sé fyrir hendi sem nái því markmiði sem að er stefnt.

Þá er í umfjöllun um nauðsyn lagasetningar sem og um 11. grein frumvarpsins vitnað til þess að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggi áherslu á „að ríki setji sömu reglur um rafrettunotkun og gilda um tóbaksreykingar þar til sýnt hefur verið fram á skaðleysi varanna.“ Að setja óhóflegar hömlur á notkun eða viðskipti með vöru af því að einn daginn gæti komið í ljós að hún væri hættuleg, er að mati FA afar varasöm ráðlegging vegna fordæmisgildis hennar. Taka má dæmi af farsínum og þráðlausum netum, sem sumir vísindamenn telja að geti haft neikvæð áhrif á heilsu fólks, án þess þó að fyrir liggi nokkrar rannsóknaniðurstöður sem sýni fram á slíkt með óyggjandi hætti. Á þá að banna slíkar vörur eða takmarka notkun þeirra svo að stjórnvöld geti haft vaðið fyrir neðan sig?

VI. Samræmi við stjórnarskrá

Í þeim kafla greinargerðar frumvarpsins sem ber fyrirsögnina „samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar“ er engin umfjöllun um það hvernig ákvæði frumvarpsins samræmist stjórnarskrá Íslands. Þó má ljóst vera að sýnileikabann og auglýsingabann geta talist fara í bága við bæði 73. grein stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og við 75. grein um atvinnufrelsi. FA geldur varhug við því að stjórnvöld setji fram tillögur að svo viðurhlutamiklum inngrípum í athafna-, atvinnu- og tjáningarfrelsi án þess að láta svo lítið að rökstyðja sérstaklega þörfina á þeim með tilliti til ákvæða stjórnarskrárinnar.

VII. Gildistími

Samkvæmt 20. gr. frumvarpsins skulu lögin öðlast gildi 1. desember 2018 en ákvæði 13. gr. 1. júní 2018. Verði frumvarpið að lögum mun það hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir innflytjendur og seljendur rafrettna. Verður því að gera kröfu um að gefinn sé lengri aðlögunartími svo fyrirtæki á markaði geti gert áætlanir í samræmi við hið nýja regluverk.

Sérstaklega er vakin athygli á gildistökunni varðandi 13. gr. frumvarpsins. Sú grein varðar tilkynningar til Neytendastofu en samkvæmt henni skulu framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem hyggjast setja þær vörur á markað hér á landi, senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt 6 mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Óheimilt er að flytja inn eða selja vöru sem ekki hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæðið eða reglugerðir settar með stoð í því.

Tæpir þrír mánuðir eru í gildistöku þessa ákvæðis. Nú þegar er fjöldinn allur af þessum vörum á markaði hér á landi en hvergi er vikið að því í lögnum hvernig tilkynningum varðandi þær vörur skal háttáð. Ljóst er að tilkynning vegna þeirra nær aldrei 6 mánaða markinu. Að óbreyttu verður sala þeirra því óheimil við gildistöku ákvæðisins.

Vakin er áhersla á 3. málsl. 2. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar hvað þetta varðar en þar segir: *For electronic cigarettes and refill containers already placed on the market on 20 May 2016, the notification shall be submitted within 6 months of that date.*

Svipað ákvæði er hvergi að finna í frumvarpinu.

VIII. Lokaorð

Félag atvinnurekenda styður, eins og áður sagði, að settar séu reglur um rafrettur, m.t.t. öryggis, gæða og upplýsinga fyrir neytandann eins og Evróputilskipunin sem frumvarpið byggist á takmarkast að mestu leyti við. Félagið leggst hins vegar alfarið gegn því að gengið

sé lengra í lagasetningu en ákvæði tilskipunar 2014/40/ESB mæla fyrir um. Því sé nauðsynlegt að breyta skilgreiningu frumvarpsins til samræmis við skilgreiningu fyrra frumvarps um rafrettur og skilgreiningar tilskipunarinnar og gildissviðið takmarkað við rafrettur sem innihalda nikótín. Þá mælir FA eindregið gegn því að reglur um sýnileika og notkun rafrettna verði þær sömu og gilda um sígarettur.

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri við nefndina frekari upplýsingum og athugasemdu við frumvarpið. Þá er FA tilbúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA